

HEIMIR

III. árgangur

WINNIPEG, 1906.

4. blað.

Úr trúarsögu Forn-Íslendinga.

EFTIR

HELGA PÉTURSSON.

(Úr Skírni)

(Niðurlag.)

Þá erum vér komnir að öðru meginatriði til eflingar kristninni á Íslandi, en það var dýrðlingatrúin.

Dýrðlingarnir voru Kína-lífs-elixir þeirra tíma, og þó raunar enn þá betri en jafnvel endurbættur og uppsettur Kína-lífs-elixir, því að trúin á þá var enn þá lausari við nokkrar efasemdir. Til dýrðlinganna var leitað við öllum kvillum, og þeir læknuðu þá alla eða því sem næst, ef trúa má jarteinabókunum, sem voru dýrðlingunum sama sem vottorð læknaðra í auglýsingunum eru fyrir kynjalyfin, nema hvað þær voru langtum fjölskrúðugri. Og dýrðlingatrúin fyllti sjóði kyrknanna, alveg eins og kynjalyfstrúin hefir margan sjóðinn fyllt á tímum, sem oss eru nær.

En dýrðlingarnir fengust nú líka við fleira en lækningar; þeirra hjálpar var leitað í hvers konar vandræðum og þrautum;— þeir hjálpuðu til að finna ñngurgull sem týndust, studdu menn til að draga upp úr hest sem ofan í hafði farið og reyndust vel í hvers konar mótlæti. Að minsta kosti getur ekki um að þeir hafi reynst illa, enda áttu slíkar sögur ekkert erindi í jarteinabækurnar. Eða er verið að auglýsa það í blöðunum, þegar kynjalyfin bregðast?

Heilagur Þorlákur og hinn helgi Jón voru báðir, eins og kunnugt er, hinir mestu gagnsmenn kristninni og skaðlegir forn-

íslenzkri menningu, meðan þeir lifðu. En að öllum líkindum hafa þeir unnið kristninni hér á landi enn þá miklu meira gagn eftir dauða sinn, er þeir fyrir kraft kvenna og klerkadrauma—eða vitrana, sem víst má telja sérstaka tegund drauma—voru orðnir „ráðvaldar með guði“, eða dýrðlingar íslenzku kyrkjunnar.

Að líkindum er það mikið dýrilingunum að þakka og „Guðmunde preste“ hvað lítið ber á vantrú úr því kemur fram yfir 1200. Vantrúin er nú að vísu ekki svo lítil, sé miðað við það sem seinna varð. Þannig lézt Þorsteinn Þorlaugarson ekki vita hvort bein þau, sem Guðmundur prestur var að venja fólkið við að kyssa á, væri helgra manna bein eða hrossabein og stefndi Guðmundur honum þá „um guðlöstun“ og fékk sjálf-dæmi; 100 árum seinna hefði Þorsteinn líklega verið brendur fyrir. Enn bannfærði Guðmundur, eftir að hann var orðinn biskup, Kolbein Tumason, en „Kolbeinn ok öll alþýðan metr þat enkis“. Bannfæringarnar bitu betur á jafnvel forhertustu sálar þegar lengra leið á 13. öldina.

En hvað er þetta, sem nú var talið hjá þeirri vantrú, sem hafði komið fram áður á tímum og þó meir en 100 árum eftir kristnitökuna. Eg á við atvik eitt, sem segir frá í Þorgils sögu og Hafliða og mun slík vantrú, sem þar er lýst, naumast hafa verið eins dæmi. Það er á Alþingi árið 1120. Þorgils Oddason segir við Böðvar Ásbjarnarson: „Þat mæla menn, at þú sér trúlaus mágr, og meðallagi góðgjarn“. . . . Böðvar mælti: „Þat er ok satt er þú segir“.

Orð Böðvars eru afar eftirtektaverð. Kyrkjan var þá snemma á 12. öld, ekki búin að ná betra tangarhaldi á Íslendingum en þetta! Sá orðrómur gat legið á íslenzkum höfðingja, að hann væri trúlaus, það er að segja andlega óháður kyrkjunni, og hann játaði þetta hiklaust á sjálfu Alþingi, ef svo bar undir.

Svona mikið var andlegt frelsi hér á landi, á dögum þeirra Ara fróða og Sæmundar. Og ætli ekki hefði orðið daufari „ljóminn af frægðaröld Íslands“, hinar fornu bókmentir vorar, ef andinn sá, sem kom fram í hinum helgu mönnum Jóni og

Þorláki, í Guðmundi Arasyni og Staða-Árna, að eg ekki nefni útlendu biskupana, hefði þegar á 12. öld verið búinn að blinda svo hina góðu íslenzku skynsemi, eins og síðar varð?

Framfarir trúarinnar næstu 200 árin eftir daga Böðvars Ásbjarnarsonar voru geysimiklar. Illa hefði farið fyrir þeim manni, sem á alþingi 1320 hefði dirst að segja að hann væri trúlaus. En það var ekki hætt við að slíkt kæmi fyrir. Trúleysi eða andlegt frelsi var þá dáið út á Íslandi—og einnig sú snild, sem skapað hafði meistaraverk er seint munu fyrnast.

En að góðgirninni hafi farið fram að sama skapi og trúnni, er meir en vafasamt. Árið 1331 er beitt þeirri hryllilegustu refsingu, sem manulegri grimd hefir hugkvæmst, kviksetningu; skömmu síðar (1343) er brend nunna í Kyrkjubæjarklaustri fyrir ekki stærri sakir en það, að hún hafði „mælt óvirðulega til páf-ans“, eins og Espólín kemst að orði.

Engar sögur fara af því, að svo viðbjóðslega grimdarfullar refsingar hafi tíðkast í heiðni hér á landi; og er næsta efasamt, að meiri mannúð hafi ríkt í íslenzkri kristni á 14. öld, heldur en í íslenskri heiðni á 10. öld.

Yfirleitt er mjög erfitt að leggja trúnað á það mál sumra manna, að afturför í grimd, en framfarir í mannúð séu fyrst og fremst kyrkjunnar og trúnnar að þakka. Á síðustu 2—300 árum hafa framfarir Evrópu í mannúð ófað verið miklu meiri en um 16—17 aldir þar á undan; en varla mun nokkur treysta sér til að halda því fram, að efling kyrkju og trúar sé það, sem einkum einkenni 2 eða 3 síðastliðnar aldir, og að trúin hafi því á þessum 200 árum getað áorkað meiru í þessu efni en um nærfelt 1700 ár áður.

Eg hefi minst á þessa viðburði frá því tímabili er trúin er orðin einvöld á landi hér, til þess að sýna hinn feikimikla mun á því, sem áður var. Er það auðvitað einkum saga 13. aldarinnar, sem hjálpar oss til að skilja þennan mikla mun. Þrettánda öldin er nokkurs konar ragnarök fyrir hið forna Ísland, og líklega eitthvert fróðlegasta tímabilið í trúarsögu þjóðarinnar. Blóðvellir Sturlunga-aldarinnar veita afbragðs færi á að sjá, hvornig menn voru inn við beinið í trúarefnum.

En því miður verð eg í þessari stuttu ritgerð að leiða hjá mér trúarsögn 13. aldarinnar að minsta kosti; væri þar efni í heila bók, og vonandi verður sú bók rituð af einhverjum, sem auk annars er við þarf hefir meiri sögufróðleik til að bera en höfundur greinar þessarar. Áður en eg lýk máli mínu, verð eg þó að minnast á fátt eitt af því sem gerist um aldamótin 1200.

Þórðarsynir, Hákon og Hildibrandur, og Arnþrúðarsynir, Snorri, Þorsteinn og Brandur, sem verið höfðu að brennu Önundar Þorkelssonar í Lönguhlíð, eru handteknir í Laufási haustið 1198. Brandur komst af snarræði í kyrkju. „En þeir bræðr, Þorsteinn ok Snorri, bjoggusk við lífáti, þógu sér og kembdu, ok bjoggusk sem til fagnaðar væri at fara. Þá mælti Snorri: „Þat vilda ek“, segir hann, „at ek væra fyrr af lífi tekinn en Þorsteinn, því at ek treystumk hónum betr at hann mundi fyrirgefa, þótt hann sæi mik af lífi tekinn“. Þá mæltu menn Þorgríms, „at festa skyldi fyrir augu þeim nökkut“. En þeir svörðu, „ok kvóðusk eigi þurfa at láta binda fyrir augu sér sem þjófum; kvóðusk opt hafa vápn sét“.

Síðan eru þeir höggvir.

En af Þórðarsonum er það að segja, að „Hildibrandur komsk at kyrkju, ok gat fengit kyrkjustoðina; ok slitu þeir hann af stoðinni; ok síðan vá Sölvi hann“. Þorgrímur hafði griðum heitið þeim bræðrum. „Þá bað Hákon at höggva skyldi af honum hönd ok fót, ok fara útan við þat ok bæta fyrir sér ok öðrum, ok ganga suðr. Þorgrímur kvezk eigi vilja pína hann svá. Hákon bað, at þeir skyldi stanga hann til bana, en höggva hann eigi. Þorgrímur vildi þat eigi. Þá varð eingi maðr til at vega at Hákon, því at Sölvi vildi eigi vega hann, því at hann hafði veitt Hákon trygðir fyrir víg Þóroddz. Þá svarar Sigurðr Grikkur: „Ek mun ör því vandræði ráða at vega at Hákon“. Hákon svarar: „Þat munda ek ok helzt kjósa; því at frá þér em ek ómaklegastr þeirra manna er hér eru. Ek tók við þér félausum er þú komt út, ok veitta ek þér vist; en ek stóð þik þrysvar í hvílu hjá konu minni Guðrínu“. Hákon gaf upp vápn sín öll Sölva Þóroddzsyni. Síðan vá Sigurðr hann.“

Í þessari frásögu er margt eftirtæktavert, en ekki sízt orð

Snorra; hann vill ekki sjá bróður sinn líflátinn, því að þá hygst hann munu deyja í heiftarhug, og fara til helvítis.

Í þættinum af Gisl Illugasyni er þetta hugarfar greinilegar skýrt. Gjalvaldur sá, er Gisl hafði sært til bana, vill finna konung áður en hann deyr; biður hann að gefa Gisl grið; kveðst hafa talað við kennimenn og tekið þjónustu af þeim, „ok segja þeir mér svá, at ek muna verða hjálparmaðr, ef nú fyrirgef ek þat, er við mik er misgert. Nú vænti ek þess, herra, at eigi munir þú byrgja svá fyrir mér himnaríki, at sjá sé dauðamaðr“.

Hákonar þáttur Þórðarsonar hefir að ýmsu leyti á sér inn-sigli sannleikans. Guðrún hét kona hans, nokkurskonar Hallgerður langbrók sinnar aldar, og mannskæð í meira lagi. Hún hafði gift verið tvívegis áður en Hákon fékk hennar, og hafði hann fyrir lævísa áeggjun Guðrúnar drepit miðmann hennar, er Hrafn hét. Hafði Hákon banað Hrafni með spjóti, og ef til vill er það þetta, sem vakir fyrir honum þegar hann biður þess að hann sé stangaður til bana, líklega í þeirri von, að hann veði þá fremur „hjálpamaður“, sé honum goldið líku líkt. Eftir að Hákon hafði fengið Guðrúnar, var hann við hana harður, „ok kvað sér skyldu eigi þat verða, at hennar menn stæði yfir höfuðsvörðum hans.“ Og bar þó á það skerið fyrir honum, eins og áður er sagt. Líklega kýs Hákon Sigurð Grikk helzt fyrir banamann sinn í þeirri von, að hann muni fá þess grimmu gjöld annars heims, er hann launaði honum svo gott með illu.

Hugmynd Hákonar Þórðarsonar, að bæta fyrir sér og öðrum með því að láta höggva af sér hönd og fót, kemur enn þá betur fram á öðrum blóðvelli, nokkrum árum seinna.

Sveinn hét maður, Jónsson, og var nefndur sveitarbót; hefir hann þó líklega ekki fengið það frægdarnafn fyr en dauður, og einmitt af lífláti sínu. Sveinn var einn af köppum Guðmundar biskups Arasonar, og er til þess tekið hve vel hann hafði gengið fram í Víðinesbardaga, þar sem Kolbeinn Tumason féll.

Vorið eftir fall Kolbeins veittu höfðingjar biskupi heim-sókn á staðinn; varð þar fremur lítið um varnir og gengu „í

kyrkju til friðar þeir menn, er sér þótti óvænt til gríða.“ Sveinn Jónsson var einn í þeirra tölu.

Snorri Sturluson býður nú biskupi til sín og „ferr biskup burt með hönunum þann dag. En er biskup var í brott, gengu þeir Arnórr í kyrkju með vápunum ok eggja hina út er inni vóru, ok þeir þóttusk mestar sakir við eiga, ella kvóðusk þeir mundu sækja þá eðr svelta í kyrkjunni“. Þá tók Sveinn Jónsson til orða: „gera mun ek kost á út at ganga“. Þeir spurðu hverr sá væri. „Ef þér limit mik á höndum ok fótum áðr en þér háls-höggit mik“- En þessu var hönunum játat. Gekk hann þá út ok allir þeir; þvíat þeir vildu ekki at kyrkjan saugaðisk af þeim eða þeirra blóði. Allir gengu slyppir út. Var Sveinn þá limaðr ok saung meðan *Ave Maria*. Síðan rétti hann hálsinn undir höggit; ok vár all-mjök lofut hans hreysti“.

Sveini Jónssyni má ekki gleyma í kyrkjusögu Íslands. Hann sýnir hvað trúin, skömmu eftir 1200, gat verið orðin rót-gróin jafnvel í harðgerðustu brjóstum; og jafnframt sýnir hann hve sterk áhrif Guðmundur biskup, þessi trúnaður svo hélt „við vanstille“, hafði á þá sem með honum voru. Næst skapi annari eins hetju og Sveini hefði það sjálfsagt verið, að berjast fram í rauðan dauðann, og reyna að hafa mann fyrir sig, einn eða fleiri; og það er ekki lítið vald, sem þurft hefir til þess að breyta öðrum eins bardagamanni svo, að hann lætur af fúsum vilja brytja sig niður, án þess að reyna að koma nokkurri vörn fyrir sig. En víkingslundin gægist þó fram hjá þessum píslarvotti trúarinnar og Guðmundar biskups, eigi að eins í hreystinni; að vísu kýs hann sér sennilega þennan hroðalega dauðdaga guði til velþóknunar, til að bæta fyrir sig og ef til vill aðra og til að vera viss um að lenda ekki í helvíti; en líklega gerir hann þetta hreystibragð jafnframt sér til frægðar, að fornum víkingasið; karlmenska Sveins er sambland af hreysti víkingsins, sem „bregður sér hvorki við sár né bana“, og af þolgæði píslarvottarins sem styðst við trú hans og von; að sleppa hjá enn þá verri kvölum síðar meir en hreppa himnaríkis sælu.

Annað eins og þetta, hefir sjálfsagt alið á þeirri svívirði-

legu grimd, sem virðist fara vaxandi eftir því sem liður á Sturlungaöldina.

Hver stétt og tegund manna hefir sína sérstöku hræsni—eins og Goethe hefir tekið fram. Hræsni víkingsins var nú einkum sú, að taka dauða sínum eins og það væri atburður, er ekki gæti raskað hugarró hans, svo geigvænlegur sem hann þó virtist; og þurfti að vísu til þess aðdánlega stiltar taugar og trausta karlmensku.

En hinum kristnu afkomendum víkinganna var ekki einhlítt að verða karlmannlega við dauða sínum, því að dauðinn var, eins og áður er á vikið, inngangur að ógnum, þar sem jafnvel hreysti Gunnars eða Skarphéðins hefðu að engu haldi komið. Kristnir urðu mennirnir, þó þeir væru eins að gerð, að verða eigi einungis karlmannlega við dauðanum, heldur einnig hjálpvænlega eins og sagt er um Sæmund Ormsson, sem níðingurinn Ögmundur Helgason lét drepa.

Og vér sjáum menn Sturlungualdarinnar vera að leitast við að sameina þetta tvent; þess vegna fer oft saman hjá þeim mjög óvikingleg þolinmæði og hið víkinglegasta hugrekki. Vér skiljum nú hvernig stendur á því, að menn, sem voru svo harðir í hug, að þeir leika sér við dauðann með því, að horfa í loft upp, að egginni, þegar höggva á af þeim höfuðið (eins og Hermundur Hermundsson eða Þórður Bjarnarson), þessir menn láta þolinmóðlega taka sig og leiða til höggs, í stað þess að verjast meðan þeir geta vopnum valdið, eins og þeim hefði verið eðlilegast.

Þessi stilling, sem jafnvel þeinnig getur komið fram á orustuvellinum, er það, sem mun hafa valdið þeim misskilningi, að hin forna hreysti Íslendinga hafi verið horfin þegar á Sturlungaöld. En slík ætlan er mjög fjarri sanni. Sturlunga sýnir, að Íslendingar á 12. og 13. öld voru ekki síður hraustir og harðgerðir en á víkingaöldinni, þó að naumast væru þeir eins vopnfimrir. Það er að segja; holdið var enn þá álfka harðgert og fyrr, en andinn var að einu leyti veikari orðinn, vegna trúarinnar.

Víkingurinn vildi sigra eða falla með sæmd; niðjar hans á

Sturlungaöldinni kunnu að vísu einnig að deyja eins og hetjur, en þeir óttuðust að falla í vígahug og án þess að hafa fengið prestfund. Því er þess vanalega getið, hvort „dauðamenn“ hafi haft prestsfund eða ekki. Þetta atriði dregur úr þeim þegar í tvísýni er komið; þess vegna eru þeir svo fljótir að gefast upp. Það er eins og orð Snorra Arnþrúðarsonar benda til, engan veginn af hræðslu við vopn, því síður af meðfæddri friðsemi; en þeir vilja heldur rétta háls undir öxi óvina sinna eins og lamb, sem er til slátrunar leitt, og verða hólpnir, heldur en falla eftir fræknustu vörn—og fara til helvítis.

Þetta hlýtur oft að hafa haft áhrif á rás viðburðanna, og er í sögunni, sem gerist eftir þann tíma, sem einkum hefir verið rætt um hér að framan, mikið efni til hugleiðingar í þá átt, þó að ekki sé hér lengra haldið.

*

*

*

Hið andlega frelsi, sem um tíma var á svo háu stigi hjá Íslendingum, reyndist næsta þýðingarmikið fyrir þekkinguna á sögu og máli hins norræna kynflokks.

En þetta andlega frelsi stóð því miður ekki föstum fótum og varð þess vegna laust fyrir, er kyrkjan sótti á. Það stóð ekki á öðru en því sjálfræði, sem feðurnir höfðu látið í arf, og svo á góðri skynsemi, er leitt hafði til skynsamlegrar þekkingar, sem náði þó stutt, að eins yfir það sem næst er og opnast fyrir. Að vísindum, sem svo eru nefnd, verðar þekkingir, þegar menn með glöggskygni, greind og rökvísu, leitast við að rekja samhengi hlutanna lengra en í daglegu lífi virðist þörf á. Einmitt af því að vísindin fást oft við efni, sem í fljótu bragði virðast einskis varðandi fyrir hag manna, hafa fávísir menn ekki allsjaldan fyrirliðningu á vísindum á líkan hátt eins og hestum og nautum sjálfsagt mundu þykja áveitur og annað það, sem menn þó gjöra til að efla grasvöxt, næsta óþörf fyrirtæki

Andlegt frelsi forfeðra vorra stóð ekki á vísindalegum grundvelli.

En hve frábært vit var til hjá forn mönnum, er sjálft málið, sem hugsar svo miklu meir en vér, sem nú tölum það, ekki

síztur vottur um. Örnefni og jurtanöfn, sem lýsa því ef til vill bezt, hve glöggum augum þeir litu á náttúruna.

Það er naumast of ríkt að orði kveðið, að það hugsunarfar, sem vér nefnum vísindalegt, gægist fram í orðunum frægu: „Um hvat reiddust goðin, þá er hér brann hraunit, er nú stöndum vér á“. —Snorri goði kemur þar fram sem fyrsti jarðfræðingur á Íslandi. Og hver veit, nema þessi litli vísir, sem þarna gægist fram, hefði að miklu orðið, ef Íslendingum hefði auðnast að varðveita lengur andlega frelsið.

En kyrkjutrúin skemdi of fljótt skynsemi Íslendinga. Enginn harðstjóri er ógurlegri en hjátrúin, og sjáum vér það ekki sízt á því, hvernig miðaldatrúin gat svinbeygt jafn harðsvíraða menn og Forn-Íslendingar einatt voru.

Eitt hið æðsta hlutverk vísindanna er nú, eins og hinu mikli Herbert Spencer hefir tekið fram, að herja á hjátrúna. Æfi mannkynsins er nógu ill og bölvuð, og framfaraleiðin torsoðt, þó að ekki sé á draugamyrkur hjátrúarinnar.

Vísindin hafa stutt fjáratlamennina til að gera gullhrúgur sínar stærri en dæmi voru til áður. En hitt er þó meira um vert, að þau hafa slókt vantrúarbálin, og galdrabrennurnar, sem ótti vanþekkingarinnar og grímdarfull hræsni trúverndaranna (inkvisoranna) hafði kveikt við eld helvítis, hundruðum þúsunda saman. Fleira mætti auðvitað telja sem vísindin, þ. e. ávöxtur skynsamlegrar og víðtækrar rannsóknar og íhugunar, hafa gert til að létta kvölum af mannkyninu. og er þó að líkindum lítið unnið í þá átt á móts við það, sem enn mun verða gert; því að jarðfræði og fornfræði benda til þess, að mannkynið sé enn þá naumast komið af bernskuskeiði, en vísindi og mannúð öll rétt að hefjast.

Það er í augum uppi, að saga Íslendinga hefði orðið mjög á annan veg, hefðu þeir þegar á þjóðveldistímanum verið komnir svo langt í þekkingu, að trúin á helvíti hefði ekki getað fest rætur hjá þeim. Eg skal minnst á það eitt, að án þeirrar trúar var kyrkjuvaldið óhugsanlegt, en kyrkjuvaldið var það, sem einna mestan þátt átti í að koma landinu undir konung, og biskuparnir urðu síðar meir beinlínis að landplágu, eins og

lesa má um í áður nefndri bók Jóns sagnfræðings (t. d. bls. 125 og víðar).

Svo mikið gat að gert skortur á þekkingu á efnum, sem flest ekki virðast snerta hag manna að neinu marki, eða miða til fjárafla, að Íslendingar eru hans vegna, að heita má, önnur og fráleitt betri þjóð en ella mundi.



Frjálstrúarmannapíngið mikla í Róm OG PRELÁTAR KYRKJUNNAR.

Eftir STEFÁN SIGFÚSSON.

Þótt nokkuð sé nú fráliðið, þá ætla eg nú lesendum Heimis til andlegrar munngátar og skemtunar, að rifja upp og fara nokkrum orðum um hið mikla þing frjálshyggjumannanna í Rómaborg 1904, með því þetta þing var alveg einstakt í sinni röð í mannkynssögunni, og stórmerkilegt, sem og öflugt tákn nýrri og frjálssari tíma, sem í vændum eru. Nálega frá öllum löndum hins siðmentaða heims komu þar hinir lærðustu og æðstu vísindamenn saman—einnig margt kvenna þeirra á meðal og það eigi í hundraða, heldur þúsunda tali. Fyrst verður þá sú spurning fyrir, hvað leiðir og dregur þessa menn, fjölmarga frá fjarlægustu stöðum, til að brjótast í að koma og fylla þetta merkilega þing? Svarið er: sannleiks og frelsis þráin, ljósið hið innra hjá þeim, sem, vel að merkja, Kristur talar um, að vér umfram allt verðum að hafa gætur á að eigi deprist eða slokkni í oss. Það er þetta sem dró hinn þrúða, alvarlega hóp saman til móts þessa. Já, þarna í hinni fornu og reginhelgu höfuðborg hins gamla heims, hinum svonefnda „eilífa stað“, rétt fyrir framan nefið á „jarli Krists“ á jörðunni; hvílik þó forlaganna ertni, það! Þeir höfðu allir, þótt sinn frá hverju landi og þjóðerni væri, og sinn hverja tungu talaði, kent hins

sama, þráinnar eftir meira ljósi, meira andlegu frelsi. Þeir litu allir—þessir tjarskyldu annars—með sömu sorgaraugum til liðna tímans, á myrkrið og vanþekkinguna, en svo aftur með glaðværðu stolti til hinnar birtandi, gleðiboðandi framtíðar, er heimiska, fals og lygð sér til fullrar skammar verða, en andans sól nær að skína loks í sínu fulla heiði.

En hversu makalaust tækifæri var nú annars ekki fyrir þáfann að snúa villumönnum þessum þarna, 3000 talsins, samankomnum fríþenkjurum, alla þessa þingdaga, þarna rétt hjá honum. Hví skyldi nú ófreistað látið að hefja eina stóra helgi-göngu með krossa og bein og bjóra af hinum helgu, hina heilögu muni kyrkjunnar, og svo hefja eina máttuga alsherjarbæn? Já, hví ekki? En það er ekki vort að svara því. En var það ekki mikill misgáningur eða nærri að segja afglöp af hinum heilaga föður, að láta nú ekki þegar skokka á stað með hin gullnu kerin með hinu vígða vatni, með hin gimsteinum prýddu skrín með hinum háhelgu dómum í o. s. frv., til að sýna fram á hvers þau ummegnuð væru til að umvenda fríþenkjurum og vitringum þessa heims, skáldum og heimspekingum eins og þeim Berthelot (franska), Lombroso (ítalska), Haeckel (þýzka), Björnson (norska) o. fl. o. fl.

Þingið hafði leitt þessa andans höfðingja til Rómaborgar—hina útvöldustu og æðstu anda þessa heims, til að bera vitni um í eyrun á sjálfu Vatikaninu, að trúkredda öll væri dauð, eða lægi á líkfjölnum, að vísindi væru vel lifandi og hefðu nú sprengt blöðru hjátrúar og oftrúarinnar, að öld prestaspeki, prestahræsni og prestahrekkja væri nú liðin og úti, og að hið endurvaknaða mannkyn hefði ekkert framar að gera með blinda leiðtoga eða lævísá trúarhræsna. En hvað hafði svo hinn heilagi staðgengill í Róm að segja við öllu þessu? Hvernig vék því við, að hann einmitt nú laumadist inn í hin afskektustu herbergi sín, hann og kardínálar hans, og lét draga blæjurnar þétt fyrir gluggana; já, lokaði Vatikaninu og krækti lyklunum upp yfir rámið í svefnherbergi sínu. Hvílíkt þó! Er þetta æðsti hermaður Krists? En slíkur þó spegill, og eftir höfðinu dansa svo limirnir! Var eigi hinum

allra háæruverðugasta herra á sjálfum Pétursstóli þarna að her-
týgjast nú öllum andans vopnum, sínu, andans sverði, skildi
trúarinnar og hjálmi hjálpræðisins. stíga fram á hinar veldis-
legu hallarsvalir sínar og láta sína máttugu raust hvína yfir
fríþenkjurunum; já, mana þá út og máta þá nú. Já, hvi
ekki? Eða þá, ef hann eindregið er maður friðarins, þá að
koma hátíðlega fram með olíuviðargreinina og guðspjallabók-
ina. Eða mátti honum þá ekki að minsta kosti farast eins
og veslingnum Gustav 3. í Svíþjóð, er ædstu herforingjar hans
og ráðgjafar létu hann vita að Rússar æddu nú óstöðvandi yfir
land hans; Finnland væri á förum og föðurlandsvinanna blóð
þar streymdi út í óstöðvandi straum. „Já“, sagði konungur,
„við getum reynt eitt enn, sækið þið hermannaskrúða Karls
hins 12., eg vil skryðast honum og sjá hvernig fer“. Nei,
heimskan með hrokanum sameinuðum lítilmenskunni alstaðar
á þessum hæstu stöðum. Já, vér spyrjum enn, var jarl Krists
hinn jarðneski þarna virkilega að gera skyldu sína og vinna fyrir
launum sínum, þessa heims sem annars, þegar hann leið það
að um 3000 kjörinna útlendinga komu þarna svona nálægt ríki
himnanna, nálægt sjálfum himnaríkis hliðum, án þess að nokkur
þeirra lenti þar inn fyrir? Vér hyggjum ekki, því sannleik-
urinn er sá, að páfinn gerði ekkert hvorki til að hnekkja frí-
þenkjurunum með villu sína, né heldur til að frelsa þá, hvorki
einstaka út af fyrir sig, né alla í heild. En þó er páfinn hinn
skipaði sauðahirðir yfir „Drottins sauðum“, en þetta mun hafa
komið til, að það voru engir sauðir, sem sátu þarna á þessu
þingi í Róm.

En vér skulum þó páfanum til einskona afbötunar taka
það fram, að eftir að þetta fríþenkara þing var afstaðið og
þeir farnir, þá lét hann framfara stóreflis hreinsunar og frið-
þægingar athöfn í kyrkjum borgarinnar og valdi til hennar dag
sjálfs erkiengilsins Mikæls, þess er sló Satan forðum, og má
víst trúá, að andlega loftið þar hafi náð sér aftur. Þá lét
hann og í völdugri „bullu“ skammir dýnja yfir fríhyggjumanna
þingið, sem hann í heild sinni nefndi guðlastanaþingið, og þá
guðlastarana (blasphemers), og var þetta víst betra en ekkert.

Það var við hinni frjálsu hugsun sérstaklega að kyrkjan amaðist þarna, og það hefir hún ætíð gert. Og þó fær engin því nokkurutíma hnekt, að hin frjálsa hugsun er undirstaða alls frelsis, en sjálfs frelsisins ímynd (emblem), og framþróunarinnar og framfaranna fyrirrennari, hún, og ekkert annað. Áhugi og löngun hinna fjölmörgu kjörinna göfugmenna á Róma þinginu var sá og sú, að reyna að veita vöxt og viðgang einstaklings hamingjunni, vekja og knýja á stað alment þjóðafrelsi og reyna að undirbúa að alþjóða samþýðleikur og samræmi komist á. Það var friðurinn á jörðinni og guðs velþóknun meðal manna, sem var aðalauðnamiðið, sem æ er líka markmið sannarlegra og alvarlegra frihyggjumanna, þeirra sem skynsemi sína brúka til réttar yfirvegunar, alt í líking við Krist sjálfan.

Tvö þúsund ár hafa nú liðið síðan samkvæmt hinni orþódoxu kenning, að englar hins alvalda guðs stigu niður í gegnum hina bláu himinhvelving, með hinn gláðvera og velkomna boðskapinn: „Friður á jörðu og guðs velþóknun yfir mönnum“. En hvað hefir svo skeð? Í staðinn fyrir að þessi friður, þessi góði vilji og velþóknunin hafi innleidd verið, þá hafa aldirnar þær er síðan hafa liðið, orðið nafnkunnar, já, sorgfrægar fyrir ófrið, missættir og hatur. Í stað hins boðaða friðar og hamingju, höfum vér mennirnir stöðugt haft óeining og böl, ósátt og sundrung nálega í öllum lífsins hlutföllum, einstaklega sem alment, og svo þar af leiðandi eynd og ógæfu.

Rólega heldur kyrkjan áfram og hinn fjölmenni klerkalýður ár eftir ár og öld eftir öld að boða friðinn á jörðinni og velþóknunina. En hvar er svo þetta að finna? Það má fullyrða, að þetta sé enn í sömu fjarlægðinni, sem var, er englarnir forðum áttu að koma og boða þetta. Vér þurfum eigi að telja hér upp dæmi þess; menn heyra þau, sjá þau daglega, þekkja þau vel út í æsar. Enn þá dylst oss heldur ekki, að þessi hin svo nefnda orþódoxa kyrkja er alsendis ómegnug um að vinna þetta sitt ætlunarverk. Hún er alveg út af sporinu komin og þetta bákn er svo þungt, að engin mannlegur kraftur megnar því að lyfta á hið rétta sporið aftur. Og að hún fór svona öfug út af,

er því einu að kenna, að hún hefir af öllum mætti þannað og hindrað frjálsa hugsun, notkun innra ljóssins, innan heilbrigðrar skynsemi, neyting heimspeki og vísinda, en þetta til sa.nans er það eitt, er leitt oss fær til sannleikans, og annað ekki.

Lesarinn.

EFTIR

MAXIM GORKI.

(Niðurlag.)

Hvað var nú orðið af sálarrósemð minni, sem vafði sig í ylríkum árgeislum viðmótsblíðra bláheiðisdaga. Nú var hún hulin þokuslæðum undarleggar eftirvæntingar. Eitthvað stórt og ægilegt grunaði mig, að nú myndi ske—eitthvað sem yrði til þess að kollvarpa fögnuði frægðar minnar og öllum draumunum og öllum vonunum, sem vaknað höfðu í minni sál.

„Þú getur ei vísað til vegar,
Ef veistu ei hvar brautin er lögð“.

Þegar eg ætlaði að rifja upp sönginn, sem maður þessi var að blístra, varð mér litið aftur og sá eg þá hvar undramaðurinn sat með hönd undir kinn, horfandi í áttina til mín. Tunglið skein í andlit honum og sá eg glögt framan í hann. Eg sneri til baka eins og dreginn af einhverjum kynjakrafti og dembdi mér niður við hlið hans og sagði nú með vinalegum rómi: „Jæja þá, tölum nú eins og sæmdarmönnum sæmir“.

„Það er öllum ómissandi“, mælti hann og kastaði til höfðinu um leið.

„Mér finst þú hafir eitthvert vald yfir mér og eitthvað mikilsvarðandi á huga að segja mér“.

„Þú hefir þá loksins þrek til að hlusta á það“, kvað hann og hló við, en nú var hláturinn breyttur og búinn gleðiblæ.

„Byrjaðu þá“, sagði eg, „en talaðu ekki svona undarlega“.

„Gott og vell! En mundu, að það varð til þess að vekja eftirtekt þína. Nú á tímum er fólk sljótt og lítil eftirtekt er því öllu veitt, sem einfalt er og ljóst, sem væri það of þyrkingslegt og kalt. Og að miðla varma og innileik kunnum við ekki. Við erum sjálfir kaldir og þurlegir. Það er eins og við þyrftum að sjá sýnir, ljómandi hugsýnir, dreyma drauma, hugdrauma, lífa æfintýra lífi, því líf það, sem við höfum skapað okkur er litlaust, ljótt og leiðinlegt. Sannindi þau sem við strituum við að endurreisa, hafa ýmist afvegaleitt okkur eða hrundið yfir okkur og molað okkur í sundur. Hvað er þá til ráða?

Má ske að hugmyndalífið, ímyndunin, geti hafið manninn upp yfir moldina og hann geti enn þá fundið það sem hann týndi. Hann er nú ekki lengur konungur jarðarinnar heldur þræll.

Hann hefir tapað frumheidri sínum og lýtur nú þeim kjörum, er hann hefir sett sér. og segir: „Sjá hin ósveigjanlegu lög!“ Og í undirgefninni undir lög þessi gætir hann þess ekki, að hann setur tálmanir í veg fyrir þroska síns eigin andlega lífs í baráttunni fyrir leyfinu að mega afnema, en ekki uppbyggja, og svo jafnvel hættir hann baráttunni, og sækist eftir að verða auðsveipin undirtylla kringumstæðanna. Til hvers er honum að berjast? Hvar er hugsjónin er bendir til afreksverka?

Vegna þess arna er það, að lífið er eins ómurlegt eins og það er. Og sömuleiðis er það þessu að kenna, að áhrifamestu andans manna gætir svo lítið nú á dögum . . . Einstöku sinnum leita örfáir menn eftir því er lyftir þeim ofurlítið upp á við og glæðir sjálfstraust þeirra. Þeir sem fara villir vegar í leitinni að sannleikanum, munu deyja.

Svo verði það. Það er engin ástæða að aftra þeim, engin þörf að aumka þá. Það eru til svo margir menn! Það sem mestu varðar er það, að til sé þráin, löngun sálarinnar eftir því að finna guð, og að grafið sé eftir því hversu margir það í taun og veru eru, sem um það láta sér hugað.

Þeim mundi hann nálægur verða, leiðandi þá til lífsins, því sjálfur er hann hugsjónanna eilífa þrá. Er ekki svo?”

„Þú hefir víst rétt að mæla“, svaraði eg.

„Þú ert þá á mínu máli“, sagði hann og brosti. Svo sat hann hljóður nokkura stund og horfði út í bláinn. Mér leiddist hve lengi hann þagði.

„Hvað er þinn guð?“ spurði hann loks og var nú talsvert valdalegur í rómnum, en sat algerlega hreifingarlaus og starði út í geiminn. Eins og allir hugsandi menn var hann alvarlegur og jafnvel þunglyndislegur á svipinn. En nú vorum við nánari en áður. Eg skildi hann nú betur en áður og var nú dálítið djarfmannlegri. En svo hafði hann lagt fyrir mig spurninguna þungu, spurninguna, sem nútíðinni gengur fremur tregt með að svara, vilji hún vera sjálfri sér hreinskilin og tállaus.

Hvað er minn guð? Eins og eg myndi vera fær um að svara því! Mig rak í rogastanz við spurninguna, og fyrir hverjum skyldi ekki hafa farið líkt? En spyrjandinn horfði nú á mig og beið eftir svarinu.

„Þú ert ærið lengi hljóður—maður, sem ættir að geta svarað þessu. Máske þú getir betur svarað mér, ef eg set spurninguna þannig: „Þú ritar og þúsundir manna lesa það—einmitt það. Hvað kennir þú svo? Hefir þér nokkurn tíma komið til hugar hvaða heimild þú hafir til þess að setja þig upp sem fræðara lýðsins?“

Aldrei fyr á æfni hafði mér til hugar komið að skygnast rækilega inn í minn innri mann. Enginn skyldi ímynda sér að eg sækist eftir því, annaðhvort að upphefja mig eða niðurlægja, til þess að draga að mér eftirtekt fólksins—enginn beiðist ölmusu af betlara. Eg hefi orðið var við margt það, sem vanalega er kallað gott, í mínu innræti, en eina glögga hugsanaheild, er samrými það við lífsins opinberanir, hefi eg ekki fundið hjá mér. Í brjósti mér ber eg mikið hatur, sem stundum fer dult, en stundum brýst það fram í logum heiftarinnar, en efinn er það sterkasta í eðli mínu. Hanu hristir og beygir anda minn og kvelur hjartað. Á stundum leggur hann alt í eyði hið innra hjá mér. Þá er eins og ekkert geti lífgað, hjartað sé kalt eins og sjálfur dauðinn, sálin sefur og hugsunaraflið er troðið mör. Og svona blindur, mállaus og heyrnarlaus hjari eg leiða daga

og langar nætur, æski einkis og skil ekkert og ímynda mér eg sé dauður, og það sé einhverju undarlegu atviki að kenna, að eg ekki er kominn ofan í jörðina. Og þrautir ástands þessa aukast svo drjúgum við þá meðvitundarglóru, er eg fæ um það, að svona verð eg að draga fram tilveru mína. . . . Og hvað er það svo, sem eg—eins og eg er—get frætt fólkið um? Hvað hefi eg eiginlega að segja mönnum? Það sama sem sagt hefir verið og altaf er sagt og ætíð fær áheyrendur, en hefir engin betrandi áhrif á nokkurn mann? En hefi eg nokkurn rétt til þess að flytja þessar kenningar, er eg hefi alist upp með síðan eg kom í heiminn, ef eg breyti gagnstætt þeim, og get eg þá sagt að þær sé mín hjartans sannfæring? Hverju á eg að svara sessunaut mínum? Þreyttur á biðinni eftir svarinu mælti hann: „Eg hefði ekki spurt þig að þessu hefði eg ekki séð að metnað-argirnd þín hefir ekki enn þá haft yfirhöndina yfir sjálfsvirðingu þinni. Nú hefir þú þor til þess að hlusta á mig. . . .“

Eg sé að sjálfselfska þín er saungjörn, því til styrktar henni vilt þú jafnvel þola pindingar og þér til hægðarauka skal eg stækka bilið milli okkar og skal eg tala við þig eins og þann sem þarfnast umvöndunar, en ekki sem sakamann.

Sú var tíðin er hinir miklu meistarar orðsins brutust fram til fullkornunar, menn með sterka trú á það góða í heiminum. Þeir eftirskildu þau verk, sem aldrei gleymast, því á þeim er mark hins eilífa sannleika, og út frá þeim streymir óafmáanleg fegurð. Eftirlíkingarnar í bókum þeirra eru lifandi, því þær eru lifgaðar af krafti ímyndunarafsisins og fyrirmyndir þeirra og grundvallaratriði munu standa óhöggð um aldirnar. Í þessum bókum er hugprýði og brennandi andans eldur og ástin einlæg og frjáls. Þaðan veit eg þú gætir dregið lífskraft fyrir sál þína. En svo yrði þér það, ef til vill, ekki til andlegrar eflingar, því orð þín um sannleik og elsku hljóma falslega og eru full af hræsni, og eins og þú sért að misbjóða tilfinningum þínum með því að tala nokkurt orð. Eins og tunglsins er þín birta af annara skini, en sú birta er daufleg og köld, hún býr til marga skugga, lýsir lítið og vermir engan. Þú ert í raun og veru snauður maður og getur

Þess vegna ekki gefið þá gjöf, sem sé dýrnæt og það sem þú gefur, gefur þú ekki með þeim ásetningi að auðga mannlíf með fögru máli og djúpri hugsun, heldur til þess að fylla flokk þeirra, sem þér eru ofar. Þú gefur til þess þér gefist meira. Þú hefir raunar ekkert til að gefa; þú ert bara okrari, þú gefur eitt frækorn af reynslu fyrir áheyrn þá sem þér er veitt. Penna- snápur þinn patar með veikum burðum inn á það lægsta stig mannfélagsins og þar dregur þú fram margt af því ómerkilega, en með því að lýsa algengum háttum fjöldans, opnar þú kann- ske augun á sumum fyrir nokkrum af hinum lægri sannindum; en getur þú skapað nokkra þá sýn, er hafið geti mannsandann? Nei, því þú ert svo sannfærður um, að það sé það eina nauð- synlega að hræra í mykju hversdagslífsins, án þess þó að finna nokkuð utan þið, sem er ógeðslegt, og það að mennirnir séu vondir, heimskir og óvandaðir, undir áhrifum ytra ásigkomu- lags, og að þeir þess utan séu aumingjar, þreklausir og aumk- unarverðir.

Vera má að þér hafi tekist að telja þeim trú um þetta, því gáfur þeirra eru sljófar og tilfinningalíf á lágu stigi.

Bezt gæti eg trúað því.

Þeir sjá mynd sína í bókum þínum, en bækurnar, einkum séu þær ritaðar í því augnamiði að teljast til listaverka, frá skáldskaparins hlið skoðað, dáleiða að vissu leyti. Þeir sjá í þessum myndum hve vondir þeir eru, en möguleikann til batn- aðar ekki, betur því sýnt þeim hann? Getur þú það, þegar þú sjálfur ert... Eg skal vægja þér, því eg sé þú sér ógjörla hverju svara skal, eða hvernig þú getir undið þér út úr þessu. Sé kennarinn samvizkusamur maður ætti hann æfinlega að taka leiðréttingar til greina eins og lærisveinninn. Allir þið nútíðar rithöfundarnir takið burtu meira en þið astur skilið, því þið tönlist altaf á yfirsjónum manna, en sjáið ekkert gott í fari fólksins. En eins og augljóst er hafa menn ýmsa góða hæfileika. Hefir þú nokkurn? Í hverju ert þú öðrum betri, mönnum svona af meðal tagi, hugsana litlum sálarkriplingum, er þú svo ó- þyrmilega refsar dygdinni til dýrðar? Gæt þú að því, að lýs- ing þín á þeim, er eins og hvítir og svartir práðar þættir, sem

þú snýr saman í einn þráð, og verður hann því svartur og hvítur, sambland af upphaflegu litunum áminstra þátta. Það er tæplega líklegt að þú sért kjörinu rithöfundur af forsjóninni, hún hefði efalaust sent okkur einhvern stærri og sterkari anda. Hún hefði sæmt hann brennandi andagift og mikilli lífselsku, samfara mannkærleik og sannleiks þrá, til að lýsa í myrkrinu, sem ljósberi dýrðar guðs og elsku. . . . En þú—þú sendir frá þér reykjarsvælu sem kyndilhaldari djöfulsins, og sá reykur smýgur inn í sálir manna og eitrar þær með eitri efasemdanna. Seg þú mér, hvað getur þú kent?”

Eg fann heitan anda hans leggja á vanga minn.—Eg forðaðist að líta upp, því eg vildi síður sjá tillit hans. Orð hans komu í koll mér eins og eldsglód og olli það mér mikils sársauka. Eg fann þá til þess hve oft er erfitt að svara jafnvel einfaldri spurningu. . . . Eg svaraði engu.

„Þess arna krefst eg eins og sá, sem les alt sem þú og þínir líkar rita. Því ert þú að fást við ritstörf? Eg krefst þess að fá að vita það. Þú ritar ósköpin öll. . . .

Er það löngun þín að hafa góð áhrif á menn? Það getur þú ekki með köldum og magnlausum orðum. Nei, þú getur ekki sagt okkur nokkuð nýtt og ekki einusinni lýst því gamla fyrir okkur svo þú ekki rangfærir það. Á ritum þínum er ekkert að græða, maður bara fyrirverður sig þín vegna. Allir dagar vikunnar eru eins, fólkið, atburðirnir, hugmyndirnar, alt húsgangslegt dót.

Hvenær munt þú segja okkur frá endurreisn hins hvíldarlausu mannsanda? Hvar er köllun lífsins? Hvar er hvötin, hugmóðshvötin og kröftugu orðin, sem viljanum fá vængi?

Þú getur auðvitað sagt mér að lífið komi þér svo fyrir sjónir sem þú lýsir því í ritum þínum. En slíkt er marklaust hjál. Og minkun er þér að játa svo vanmátt þinn, ef þú þykist ekki fær um að fegra það og betra með nýjum andans öflum, en það eins og þér virðist það vera, sé að draga þig niður á við. Hvaða gagn er að ritsmíð þinni og hvernig getur þú réttlætt þig sem höfund?

Hlaðandi huga lesenda þinna með efnislitlu glamri um lit-

ilfjörleg atvik, sýnir að þú veist ekki tök á því að vekja menn svo þeir hefjist handa og krefjist nýrra kjara. Getur þú hrad- að hjartaslögum lífsins? Það hafa sumir á undan þér gert“.

Nú varð þögn, og hugleiddi eg alla þessa áminning.

Svo spurði hann: „Er þér mögulegt að koma nokkrum til að hlæja inn legum gleðihlátri, sem hressir og lífgar? Menn eru algerlega búnir að gleyma því að hlæja sér til hugstyrkingar. Þeir hlæja bara af viltum hvötum og auvirðilegum tilfinningum með tárin í augunum stundum, en aldrei heyrir maður gleðinnar hreina og sanna hlátur. . . Skilja áttu það, að svo þú hafir vald til þess að kenna, verður það að réttlætast af þeim áhrifum, sem skoðanir þínar hafa á menn, eins og slög hamarsins, er niðurbrjóta ýmislegt það, sem gamalt er og stendur í vegi fyrir öðru nýrra, rýmra og betra. Reiði, hatur, hugprýði smán, fyrirlitning og jafnvel örvænting, eru vogstangir þær, er bifa heiminn. Getur þú smíðað þær stangir og brúkað þær svo? Til þess að hafa heimild til þess að tala til fólksins, útheimtist annaðhvort að maður hati bresti þess eða þá að öðrum kosti hafi mikla meðlíðun með því í eyndum þess. Hafir þú hvorugt af þessu, þá hafðu hljótt um þig og hugsaðu lengi áður þú talar“.

Það var nú komin dagrenning, en hið innra hjá mér lengdust skuggarnir meira og meira.

Altaf hélt hann áfram að tala og var mér farið að ímyndast margt kynlegt um hann. Eg spurði sjálfan mig hvert hann væri í raun og veru mannleg vera. En af því eg þurfti að hafa hugan við það sem hann var að segja, hvarflaði eg frá þeirri hugsun, og orð hans stungu mig eins og nálaroddar.

„Samt stækkar lífið að breidd og dýpt“, sagði hann, „en seint miðar því, því þú getur ekki flýtt fyrir vexti þess. Lífið heldur áfram, og dag hvern eru menn að lara að bera fram spurninguna: Hver mun svara? Það ert þú sem það átt að gera, þú og hinir fölsku spámennirnir. Þú skilur ekki lífið og getur ekki sýnt það öðrum, ekki reist þann á fatur, sem fallinn er í sinn misskilning, og mist hefir móðinn. Af því hann hefir mist móðinn, hefir hann hætt viðleitninni að lifa sóma-

samlegu þú og lætur sér nægja að veltast í stfunni eins og svín. Hann hlær skellihlátur ef hann heyrir nefnda fyrirmynd
 Rotnunin, bleyðiskapur og varmenska þefja fúlt um heiminn, og dofínleikinn bindur hug og hönd með böndum tálmananna. Ef það bara gæti einn einasti maður komið fram með eld í hjarta og hraustan heila yfirgrípsnægan í þessu deyðandi myrkri smánarlegrar þagnar, myndi spámannsrödd hljóma sem hringing og hleypa titring í taugar þeirra lifandi dauðu!"

Að loknu máli sat hann lengi hljóður.

Eg forðaðist það að líta upp og ekki man eg hvort eg fann meira til blygðunar eða hræðslu.

Svo heyrði eg með breyttri rödd spurningu þessa:

„Hvað hefir þú þér til afsökunar?“

„Ekkert“, svaraði eg.

Svo varð þögn.

„Hvernig ætlar þú nú að haga því framvegis?“

„Það veit eg ekki“, svaraði eg.

„Um hvað ætlar þú nú að rita?“

Eg þagði.

„Það er ekkert viturlegra en þögnin“.

En hún fanst mér særandi, þögnin, milli þessara spurninga, og svo hláturinn, sem hann rak upp. Eg bað honum óbæna, en hjartað grét blóðugum tárur.

„Ha, ha! þú heldur þig bókmentanna stórhöfðingja, þú sem svo fljótt lætur þig alt engu skifta“.

„Nú giska eg á að þú þekkir mig? Ha, ha!“

Og hver ykkar félagi, sem fæðist gamalmenni, mun svo framarlega, sem hann hefir nokkur afskipti af mér, rekast í sömu vandræðin eins og þú núna. Einungis sá sem er brynjaður ósvífninni og kæruleysinu mun ekki skjálfa á beinunum frammi fyrir sinni eigin samvizku. Sjá þú nú hversu sterkur þú ert. Þú fellur við fyrsta högg“.

Segðu nú eitthvað þér til varnar, hrektu það sem eg hef sagt. Losaðu hjarta þitt frá smán. Vertu nú augnablik sterkur og treystu sjálfum þér og skal eg þá afturkalla alt það sem eg hef kastað í andlit þér. Sýndu mér það í sál þinni, að eg

geti af því þekt meistarann, þá skal eg lúta þér. Eins og mennirnir, þarfnast eg hans. Eg er viltur í myrkri lífsins og þrái útkömu út úr því til ljóssins, sannleikans, fegurðarinnar og nýrrar tilveru, sýndu mér veginn! Eg er mannleg vera. Hataðu mig, sláðu mig, ef þú vilt, en dragðu mig úr forarpolli kæruleysisins. Eg þrái að verða betri en eg er—hvað á eg að gera. Kenn þú mér!”

Get eg, hugsaði eg, fullnægt kröfum þeim, sem menn geta réttlátlega gert til mín? Lífið verður dimmt, efasemdanna skuggar vefjast þéttar um hugann og einhverja ráðning verður að finna. Eg veit bara það eitt, að það er ekki að ánægjunni að leita skal, það er ekki í henni að finna þýðing lífsins og innri frið. Hún ein fullnægir ekki. Þýðing lífsins liggur í fegurðinni og framsóknarkeppninni að ná vissum takmörkum, en hver breyting tilverunnar hlýtur að stefna hátt.

Að ná háu takmarki var einu sinni unt—þó hélt þá hið gamla fyrirkomulag mörgu bundnu og höft voru lögð á hugarflug mannsins.

Nú sat þessi herra við hlið mér brosandí og sá eg það að hann var í djúpum þönkum.

„Margir hafa fæðst og dáið hér í heimi, en fá eru minnismerkin, sem mér hafa verið sett. Hvernig er því varið? En tölum ekki um það liðna—það fyllir mann öfund! Því nú á tíð er það enginn sem eftirskilur nokkurt merki þess að hann hafi verið til. Menn sofa—og enginn vekur þá. Þeir þurfa svipuna og svo yhlý kærleikans armalög á eftir. Vertu ekki hræddur um að þú meidir þá. Ef þú berð hlýjan hug til þeirra, þó þú reidir svipuna munu þeir skilja tilgang þinn og taka við hirtgunni samkvæmt honum. En þegar þeim sviður eftir höggid, þá sýndu þeim góðfúslega ástúð þína og munu þeir þá eins og endurfæðast. Menn eru ætíð eins og börn, þó þeir á stundum villi okkur sjónir með ódádaverkum sínum og spiltu hugsunum. Þeir þarfnast leiðbeiningar, umönnunar og vinarþels og þess að einhver flytji sálum þeirra holla fæðu. — Veist þú hvernig á að elska mennina?”

„Að elska mennina?“ sagði eg. „Eg get ekki sagt hvert eg elska þi. Hreinskilnislega talað veit eg það ekki“.

Hver getur annars sagt með sjálfum sér: Já, eg elska mennina?

Hver sem horfir í hug sér mun hugsa sig um áður hann vogar að segja: Eg elska. Við vitum allir hve langt er á milli okkar og nábuanna.

„Þú ertir þá ekkert frekar um þetta að segja. Það er gott—eg skil þig—jafnvel þögn þína.—Nú fer eg“.

„Nú þegar?“ spurði eg auðmjúklega, því eins mikil ógn eins og mér stóð af þessum manni, eins var eg nú orðinn hræddur við sjálfan mig.

„Já, eg fer.—Oftar en einu sinni enn mun eg þó sjá þig. Bíddu“.

Hann var horfinn.

Hvernig fór hann? Eg tók ekkert eftir því. Hann fór skyndilega og hljóðlaust, eins og þá skuggi hverfur. En eg sat eftir á bekk í garðinum og tók ekki neitt eftir því hve kalt var orðið, né heldur gætti eg að því, að sólin var runnin upp og að geislar hennar skinu um klakaströnglana á trjánum. Mér virtist eins og eitthvað undarlegt að sjá daginn tæran og sólarljósið skína eins og ekkert væri um að vera, og hina gömlu jörð snjóklædda, eins langt og augað eygði glitra í geislum morgunsólarinnar.

Kr. St.



Lofkastalar.

Er sól á vori vermir
vonarsnauda jörð,
eg skrið úr skugga fylgsni,
á skóg, frá sauðahjörð.

Og telgi háa höllu
í hamra bláum sal.
Að viðum beztum vanda,
sem vaxa' í Hlymisdal.

Er skapast lífs í skiini,
er skýið dregur frá,
en týna bari' og blöðum,
er byljir nísta þá.

Er stormur strángerur æðir
og steypiregn og flóð,
þá tellur borgin fræga
með falli' á jöfra slóð.

En brotið birki týni
og bý á ný til sal.
Þótt einn sé brott og brotinn,
þá birtir él í dal.

Reginn.

Sólsetur.

Óðum þyngir andardrátt.— —
Eins og grátin meyja
nötra ljós í norðurátt—
nú er sól að deyja.

Ofar jörðu, yfrið hátt,
út um stjörnu heiminn
kvíslast ljós í ýmsa átt
út í bláa geiminn.

Hallar vanga að votum beð,
vorsins þagnar kliður.
Daginn langa langa dró sér með
í djúpið kalda niður.

Geislatafur glitrar skær
gegnum rúmið auða,
strendur saman tengir tvær—
tilveru og dauða.

Reginn.

HEIMIR kemur út 12 sinnum á ári, 24 bls. í hvert sinn, og kostar einn dollar árgangurinn.— Afgreiðslustofa og skrifstofa blaðsins verður framvegis í nýju Heimisbygggingunni austan við Unitarakerkjuna, á suðausturhorninu í Sherbrooke og Sargent strætum, (582 Sargent Ave.) Winnipeg Man. —

Ritstjóri sra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, Winnipeg Man.